



Fréttatilkynning

02 February 2024 13:40:00 GMT

## Arion banki hf.: Tilkynning vegna upphafs nýtingartímabils áskriftarréttinda ARIONW24

Þann 9. mars 2021 gaf Arion banki hf. („Arion banki“ eða „félagið“) út áskriftarréttindi (ARIONW24) fyrir 54.000.000 hlutum í Arion banka með ISIN IS0000032761. Nú er komið að öðru nýtingartímabili áskriftarréttinda ARIONW24 af fjórum, sem hefst í kjölfar birtingar á uppgjöri félagsins vegna fjórða ársfjórðungs 2023 (Q4 2023), þann 7. febrúar nk. Skráðir eigendur áskriftarréttindanna („fjárfestar“) hafa þá þrjátíu (30) daga til þess að nýta áskriftarréttindin, eða til og með 8. mars 2024.

Skilmála áskriftarréttindanna má nálgast [hér](#).

Áskriftargengið er meðaltal dagslokagengis 25. og 26. febrúar 2021, kr.  $120 \times (1 + 8,0/100)^t$ , þar sem  $t$  merkir tímann frá útgáfu áskriftarréttindanna og þar til þau eru nýtt (reiknað með því að deila fjölda daga miðað við 30 daga í mánuði með 360). Áskriftargengið sætir leiðréttingu komi til arðgreiðslna, hlutafjánhækkana eða annarra sambærilegra atburða í félaginu. Í dag er uppreiknað áskriftargengi 121,55 kr. en tekur áfram breytingum skv. framansögðu til þess dags er áskriftarréttindin kunna að vera nýtt.

Vakin er sérstök athygli fjárfesta á eftirfarandi:

- Nýtingartímabilið er frá **8. febrúar 2024** til og með **8. mars 2024**.
- Fjárfestar skulu hafa samband við það fjármálafyrirtæki sem er vörsluaðili áskriftarréttinda þeirra til að fá upplýsingar um hvernig þeir geta nýtt áskriftarréttindin.
- Tilkynning fjárfesta til vörsluaðila um nýtingu er **bindandi** og munu greiðsluseðlar birtast í netbanka fjárfesta.
- Fjárfestar verða að greiða fyrir nýtingu að fullu á eindaga. Eindagi greiðslu er þann **11. mars 2024**.
- **Komi til nýtingar** mun uppgjör eiga sér stað þegar **nýtingartímabili lýkur**. Arion banki mun gefa út nýja hluti í félaginu sem jafngilda fjölda þeirra áskriftarréttinda sem nýtt verða í samræmi við heimild samkvæmt viðauka nr. 2, sbr. grein 3.5 í samþykktum félagsins.
- **Afhending nýrra hluta** til fjárfesta mun eiga sér stað þegar hlutafjánhækkun hefur verið tilkynnt til og skráð af Fyrirtækjaskrá Skattsins og nýir hlutir hafa verið gefnir út af Nasdaq verðbréfamiðstöð. **Vegna framangreinds verða fjárfestar að gera ráð fyrir að nokkrir virkir dagar líði frá greiðslu vegna nýtingar áskriftarréttinda og þangað til þeir fá hlutabréfin afhent.**



Ákveði fjárfestir að nýta áskriftarréttindin þá er það alfarið á hans ábyrgð og áhættu, s.s. áhætta af skattlagningu og opinberum gjöldum sem koma til vegna áskriftarréttinda við nýtingu og síðari sölu undirliggjandi hlutabréfa. Ekkert í þessari tilkynningu skal túlkað á þann veg að Arion banki sé að hvetja til nýtingar áskriftarréttinda eða síðari sölu undirliggjandi hlutabréfa. Öll viðskipti með fjármálagerninga eru áhættusöm, svo sem áhætta á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Ávöxtun fjármálagerninga kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Mikilvægt er að fjárfestir kynni sér vel eðli viðkomandi fjármálagernings og áhættur tengdar honum og taki sjálfstæða ákvörðun um nýtingu áskriftarréttinda.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

---

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s. 856 7108.

**Viðhengi**

---

[Arion banki hf.: Tilkynning vegna upphafs nýtingartímabils áskriftarréttinda ARIONW24](#)